

FRAMTÍÐ REYKJAVÍKUR

I

Fyrir meir en 30 árum var ég um tíma það sem til forna var kallað ófreskur. Mun þetta hafa stafað af því, að ég hafði fastað í viku. Ekkert áttaði ég mig á þessu þá, en ég hefi áttað mig á því síðan, og að vísu nokkru betur en áður hafði verið gert hér á jörðu. Ýmislegt það sem fyrir mig bar á þessum vikum hefir síðan komið fram — eða réttara sagt, eitthvað líkt því — og þar á meðal sumt það sem ég hefði síst kosið; en annað er ekki fram komið, og þó miklu líklegra nú að það kynni að rætast, en var fyrir aðeins fáeinum árum. Ég þóttist t. d. vera sjónarvottur að bardögum hér á götum Reykjavíkur. Voru það Bretar og Japanar sem börðust, og þótti mér sem Bretarnir hefðu komið hingað til að hjálpa oss. Fyrst í stað leit ég vitanlega á þetta sem þýðingarlausu höfuðóra, en seinna meir sá ég til sanns, að ég hafði í raun rétt, fyrir samband líkt því sem verður í svefni við draumgjafann, verið sem sjónarvottur að viðburðum, sem voru að gerast á annarri jarðstjörnu, þar sem mjög líkt hagar til og hér á jörðu. Spekingurinn Pýpagoras, einn af allravitrustu mönnum, sem verið hafa, hélt því fram, að slík jörð mundi vera til, en nú getum vér með vissu vitað, að til muni vera í alheimi, ekki einungis ein heldur býsna margar jarðstjörnur, sem mjög líkjast vorri jörð, og þar sem viðburðarásir eru skyldar og svipaðar og hér á jörðu. Mönnum mun því vera auðvelt að skilja, að ég get nú ekki litið á bardagasýn þessa sem markleysu eina, og að mér virðist nokkur ástæða til áhyggju. Ég þóttist vita að þetta hörundsdökka fólk sem ég lagði að jöfnu við Japana, hefði lengi setið á svikráðum við hið hvíta mannkyn, og væri nú að fram-

kvæma fyrirætlanir sínar um að hrinda yfirráðum hvítra manna og leggja undir sig alla jörðina. Kemur mér í hug í sambandi við þetta, er ég heimsótti Georg Brandes í nóvember 1911. Beið ég í bókaherbergi hans nokkra stund meðan hann talaði við annan mann. Sá ég þar á borði nýja bók sem ég leit í; var hún eftir Japana, og kom þar fram svo svæsin heimsveldisstefna, að ég hefi aldrei neitt það lesið, er komist þar í námunda við. Hélt höfundur þessi því fram, að það væri þjóðarhlutverk Japana, að leggja undir sig alla jörðina. Þykir mér skaði mikill, að ég skyldi ekki skrifa hjá mér höfundarnafn og heiti bókar þessarar (sem var á ensku), en þó var þess raunar varla von, að mér skildist þegar í stað, hversu bók þessi var eftirtektarverð.

II

Ég býst við að allir muni vera mér samhuga um að óska þess, að ekkert það gerist hér í Reykjavík, er á nokkurn hátt líkist því sem fyrir mig bar í bardagasýninni. En ekki vil ég leyna því, að ég er mjög langt frá því að vera ugglaus um að svo geti farið. Mundi ég þó ekki á þetta minnast, ef ég teldi ekki víst að slíku óláni mætti afstýra.

Þegar mér, nokkrum árum eftir að ég hafði verið ófreskur, var orðið fullkomlega ljóst, að stefnur framvindunnar eru tvær, og að nú má ekki lengur dragast að hin nauðsynlega stefnubreyting verði hér á jörðu, ef ekki á tilraunin til mannlífs að mistakast hér gersamlega, þá skildist mér, að ég hafði „séð“ það sem var að gerast á systurjörð, þar sem stefnubreytingunni hafði ekki orðið komið fram. Hefir mér og síðan orðið kunnugt um ýmsa menn, sem héldu að þeir hefðu séð fram í tímann, en í raun réttir höfðu fyrir hugsamband, orðið áskynja tíðinda á systurjörðum, þar sem helstefnan var að sigra. Er þar einna merkilegastur franski verkfræðingurinn Cabarel, sem ég hefi getið um í Framnýal. En í bókinni „Framtíðarsýnir mínar“ („Mein geistiges Schauen in die Zukunft“) eftir frú de Ferriem, fáum vér tíðindi af systurjörð þar sem lífstefnan er að sigra. Er þar um nokkurskonar Völuspá að ræða, og að vísu stórfróðlega. En

þó hefir völván frá þessu sagt án nægilegs skilnings á því sem fyrir hana hafði borið.

III

Það sem oss vanhagar mest um hér á jörðu, er samband við fullkomnari lífstöðvar annarsstaðar í heimi. Hér í Reykjavík mætti gera það sem duga mundi til að koma því máli í rétt horf. Stöð mætti hér reisa, sem ætluð væri til sambands við lífið á stjörnunum. Væri í þetta ráðist við almennan áhuga, eins og gera mætti ráð fyrir, ef á annað borð kæmist skriður á málið, þá mundi fljótt koma í ljós, að þar hefði hin rétta leið verið tekin. Íbúum góðra staða mundi þá fljótt verða auðveldara en áður um samband við oss. Ein afleiðingin yrði sú, að þeir sem að fyrirtæki þessu stæðu, myndu fá hverja hugmyndina annarri betri um það, hvernig því ætti að haga. Og hinir lengra komnu mundu þá einnig geta komið því fram, sem duga mundi, til að afstýra ótíðindum hér í Reykjavík og annarsstaðar á landinu, og yfirleitt, til að koma á friði. Mannkyn sem farið er að fá vísindalegt samband við lífið á stjörnunum, mun ekki lengi úr því, eiga í ófriði. Og þá fyrst verður helstefnan sigruð hér á jörðu, þegar lokið er styrjöldum og styrjaldarhættu. En með því að reisa hina fyrstu stjörnusambandsstöð hér á landi, væri hafin sú mannkynsforganga hinnar íslensku þjóðar, sem við svo mikla erfiðleika hefir verið undirbúin, og svo með ólíkindum fyrir spáð.